

Heims um ból

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mæð son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkínd
:/: meinvill í myrkrunum lá. :/:

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
lígur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:/: konungur lífs vors og ljóss. :/:

Heyra má himnum í frá
englasöng: Allelújá.
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:/: samastað syninum hjá. :/:

[https://is.wikipedia.org/wiki/Heims_um_ból – odkazy na vysvětlivky]

Nóttin var sú ágæt ein

Nóttin var sú ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein,
það er nú heimsins þrautarmein
að þekkja' hann ei sem bæri.
Með vísnaðöng ég vögguna þína hræri.

Í Betlehem var það barnið fætt,
sem bezt hefur andar sárin grætt,
svo hafa englar um það rætt
sem endurlausnarinn væri.
Með vísnaðöng ég vögguna þína hræri.

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann,
þó lausnarinn heimsins væri.
Með vísnaðöng ég vögguna þína hræri.

Lofið og dýrð á himnum hátt
honum með englum syngjum þrátt,
friður á jörðu og fengin sátt,
fagni því menn sem bæri.
Með vísnaðöng ég vögguna þína hræri.